



SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2012-2013

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	3
Námskrá og mat á skólastarfi	5
Verk- og framkvæmdaáætlun 2013-2015	6
Innra mat	7
Niðurstöður kennslumats á haustönn 2012 og vorönn 2013	7
Niðurstöður fjarnámskönnunar á haustönn 2012	9
Viðhorfakönnun nemenda	13
Brotthvarf	19
Brottfall.....	20
Brottfall nemenda úr einstökum áföngum í dagskóla.....	20
Brottfall úr einstökum áföngum í fjarnámi.....	22
Námskrá	23
Stefnur og skýrslur.....	25
Ytra mat.....	27
Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis	27
Úttekt á framhaldsnámi lyfjatekna og sjúkraliða	28
Stofnun ársins 2013.....	29
Alþjóðleg samanburðarkönnun fjarnáms.....	31
Markmið og úrbætur.....	32
Markmið og úrbætur frá skólaárinu 2012/2013	32
Markmið og úrbætur fyrir skólaárið 2013/2014	36

Inngangur

FÁ hefur starfað sem fjölbrautaskóli með áfangakerfi í rúma þrjá áratugi. Í skólanum hafa skapast ýmsar hefðir sem ástæða er til að halda í heiðri, til dæmis að því er varðar vinsamleg og ánægjuleg samskipti nemenda og starfsfólks sem m.a. má rekja til þess að frá upphafi hefur nemendahópurinn komið víðs vegar að af landinu, komið frá mismunandi löndum, verið á ýmsum aldri og búið yfir fjölbreyttri reynslu. Þessari sérstöðu vill skólinn halda og laða áfram að fjölbreyttan hóp nemenda á öllum getustigum. Skólinn leggur áherslu á gagnkvæma virðingu starfsfólks og nemenda og stuðla þannig að heilbrigðu andrúmslofti í skólanum. Í skólanum á að vera fjölbreytilegt framboð á námi og kappkostað að gera það aðlaðandi og aðgengilegt fyrir nemendur með margvíslegum kennsluaðferðum og námsmati.

Nemendahópurinn í FÁ er mjög fjölbreyttur, nemendur eru frá sextán ára upp í rúmlega sextugt. Þann 15. október 2012 voru nemendur í FÁ hátt í 2500 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands og var skólinn sá næstfjölmennasti á landinu. Starfsmenn skólans voru rúmlega 100, þ.a. 72 kennarar.

Boðið er upp á bóknámsbrautir til stúdentsprófs, starfsmenntabrautir á heilbrigðissviði, viðbótarnám á starfsmenntabrautum til stúdentsprófs, sérnámsbrautir og almenna námsbraut. Í FÁ er stór deild fyrir nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku. Í skólanum er sérnámsbraut sem er ætluð fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Auk þess rekur skólinn öflugt fjarnám og hefur verið leiðandi á því sviði. Lögð er áhersla á að námsframboð sé í sífelldri þróun til að koma betur til móts við þann fjölbreytta hóp nemenda sem stundar nám í skólanum en einnig til að svara kalli atvinnulífsins og æðri menntastofnana.

Á haustönn 2012 útskrifaði skólinn í fyrsta skipti nemendur af fjórða þrepi framhaldsskólans, þ.e. framhaldsnám fyrir lyfjatekna í sjúkrahúslyfjatekni og framhaldsnám fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun. Kennsla í þessu námi hófst á vorönn 2011 og er mikilvægt innlegg skólans í starfsmenntaþróun hér á landi. Námið er staðfesting á góðu samstarfi skóla, atvinnulífs og hagsmunafélaga, en Landspítalinn, Sjúkraliðafélag Íslands, Lyfjateknifélag Íslands og landlæknir komu að þróun námsins. Á seinni hluta ársins 2012 var gerð úttekt á námsbrautunum og liggja niðurstöður nú fyrir en þær eru aðgengilegar á vef skólans.

Námsframboð FÁ er í stöðugri þróun og síðustu tvö ár hefur verið unnið að undirbúningi nýsköpunar- og listabrautar og hófst tilraunakennsla á haustmisseri 2013. Opnað var fyrir umsóknir á vormisseri 2013 og voru tæplega 40 nemendur samþykktir í nám. Á vorönn 2013 var farið í samstarf við Íþróttabandalag Reykjavíkur um þróun afreksíþróttalínu þar sem lögð er áhersla á að ungt afreksíþróttafólk geti stundað æfingar á skólatíma. Í framhaldinu var skrifað undir samning og fyrsta íþróttafélagið sem á aðild að samningnum er Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur.

Hlutverk Fjölbrautaskólans við Ármúla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda skólans svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Megináhersla er á grunnþætti menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Meginmarkmið skólans er að flétta grunnþættina inn í alla kennslu sem og starf skólans og þjóna þannig enn betur þeim fölbreytta nemendahópi sem stundar nám við skólann. Skólinn leitast við að efla ábyrgð, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda sinna, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Þannig er tryggt að nemendur séu sem best undirbúnir undir frekara nám eða störf úti í samfélaginu.

Námskrá og mat á skólastarfi

Námskrá¹ skólans er á vefrænu formi. Kaflarnir eru hnitmiðaðir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun og þróun. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Texti námskrárinnar er almennur og hnitmiðaður og tryggir rafræn birtingu auðvelt aðgengi að innihaldinu. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti framhaldsskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr.).

Í námskrá skólans er sjálfsmatsstefna² skólans skilgreind og jafnframt krækja í sjálfsmatssíðu³ þar sem má m.a. finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

Þróunarstjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. til næstu ára.

Skólinn birtir niðurstöður sjálfsmats á heimasíðu skólans undir liðnum Skólinn - Sjálfsmat. Niðurstöðum er ætlað að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum.

Á grundvelli niðurstöðu í þessum könnunum verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta kynntar og svo framkvæmda ef þörf er á.

¹ Skólanámskrá: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/>

² Sjálfsmatsstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/mat/sjalfsmat/>

³ Sjálfsmatssíða: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/>

Verk- og framkvæmdaáætlun 2013-2015⁴

Vorönn 2013 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Endurskoðun skólanámskrá (námsbrautir) • Úttekt á framhaldsnámi sjúkraliða og lyfjatakna (laug í mars 2013) • Úttekt á fjarkennslu • Skýrslur kennslustjóra • Ráðstefna um námsmat • Brotthvarfsgreining	Haustönn 2013 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Endurskoðun skólanámskrá (áfangalýsingar) • Starfsmannaviðtöl • Úttekt á þjónustu stoðsviða • Þjónustukönnun • Úttekt á mötuneyti • Úttekt á stöðu jafnréttismála • Sjálfsmat kennara / jafningjamat • Upplýsingar um námsárangur og brottfall • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Vorönn 2014 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Endurskoðun skólanámskrá (áfangalýsingar) • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur kennslustjóra • Úttekt á stöðu samgöngumála • Ráðstefna um námskrá • Brotthvarfsgreining	Haustönn 2014 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Starfsánægjumat • Úttekt á áætluninni gegn einelti og lýðheilsustefnu • Upplýsingar um námsárangur og brottfall • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Vorönn 2015 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur kennslustjóra • Málþing • Brotthvarfsgreining	Haustönn 2015 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Úttekt á fjölmenningaráætlun • Upplýsingar um námsárangur og brottfall • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)

⁴ [Verk- og framkvæmdaáætlun](#) er á heimasíðu skólans


Innra mat

Niðurstöður kennslumats á haustönn 2012 og vorönn 2013

Könnunin fór fram í gegnum kennslumatsvef SPlist með krækju á heimasíðu skólans. Kennslustjórar ákváðu hvaða áfanga skyldi meta í samráði við stjórnendur. Áfangar fara í kennslumat á tveggja til þriggja anna fresti. [Niðurstöður kennslumats](#)⁵ eru á heimasíðu skólans.

Svarhlutfall á vorönn 2013 var 41,9%. Þetta er mun hærri svarhlutfall en var á haustönn 2012 með 34,6% og svipað hlutfall og á vorönn 2012 með 43,2%. Kennarar voru beðnir um að ráðstafa einni kennslustund til að láta nemendur svara könnuninni, þanta fartölvuvagn fyrir þá nemendur sem ekki voru með tölvu eða þanta tíma í tölvuveri. Kennslumatið fór fram 18. mars – 30. apríl. Svörun var misjöfn eftir hópum og var minnst 28,1% á heilsunuddbraut og 29,2% á tanntæknabraut en 35,1% á málabraut í bóknámsgreinum. Starfshópur hefur unnið að endurskoðun kennslumats á vorönn 2013 og liggja fyrir breytingatillögur.


Svörun var mismunandi eftir kyni. Konur voru 73% svarenda og karlar 27%. Á vorönn 2013 voru 60,7% skráðra nemenda kvenkyns og 39,3% karlkyns. Konur voru greinilega líklegri til að svara könnuninni en karlar og þarf að leita skýringa á því.



⁵ Kennslumatssíða: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/kennslumat/>

Enginn marktækur munur er á meðaltölum milli anna. Það er ánægjulegt hvað kennslan kemur vel út í mati, en margt má gera betur hvað varðar skipulagningu áfanga, námsefni og verkefni.

Nemendur gáfu kennurum sínum að meðaltali 8,4 í einkunn og er það í takt við fyrri kannanir.



Nemendum gafst tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda eru send kennurum viðkomandi áfanga.

Starfshópur kom saman á vorönn 2013 til að endurskoða kennslumatið. Hópurinn lagði til breytingar sem eiga að koma til framkvæmda á haustönn 2013. M.a. er lagt til að framkvæma kennslumatið á miðri önn og birta niðurstöður strax til að gera þær sýnilegri.

Niðurstöður kennslumats eru lagðar til grundvallar í starfsmannasamtölum skólastjórnenda við kennara.

Niðurstöður kennslumats eru aðgengilegar á heimasíðu skólans:

<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/kennslumat/>

Niðurstöður fjarnámskönnunar á haustönn 2012

Á haustönn 2012 var spurningakönnun lögð fyrir fjarnámsnemendur Fjölbrautaskólans við Ármúla. Um netkönnun var að ræða sem send var til 1535 fjarnámsnemenda í gegnum tölvupóst. Samtals 444 fjarnámsnemendur tóku þátt í könnuninni. Svarhlutfall var 28%.

Fyrstu spurningarnar í könnuninni voru bakgrunnsupplýsingar. Spurt var um kyn, aldur og námsstöðu. Konur voru í meirihluta svarenda eða 79% á móti 21% karla. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda eða 72% voru eldri en 20 ára þ.e. komnir yfir hefðbundin framhaldsskólaaldur sem er í takt við þær kannanir sem gerðar hafa verið varðandi nemendur sem stunda fjarnám.


Flestir fjarnámsnemendur voru eingöngu í fjarnámi eða 60% og 24% nemenda voru einnig í öðrum framhaldsskóla. Aðeins 9% fjarnámsnemenda sem svöruðu könnuninni voru einnig í dagskóla Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Moodle kennslukerfið

Nemendur voru beðnir um að leggja mat sitt á Moodle kennsluumhverfið.


1. *Mér líkar vel við Moodle kerfið*

Meirihluti fjarnámsnemenda eða 74% eru ánægðir með Moodle kerfið og sama hlutfall nemenda sagðist hafa verið fljótt að læra á Moodle kerfið. 77% nemenda fannst lítið vera um tæknileg vandamál í Moodle. Þó vildu 29% frekar notað annað kennslukerfi.




2. Uppsetning áfanga í Moodle er skýr

Aðeins færri nemendum en líkaði við Moodle kerfið fannst uppsetning í Moodle skýr, eða 70%.




3. Það er auðvelt að hafa samskipti við kennarann í Moodle

61% fjarnámsnema sögðu að samskipti þeirra við kennarann í Moodle hafi verið auðveld. 76% töldu það auðvelt að skila verkefnum í Moodle.




4. *Ég tók virkan þátt í umræðum í Moodle*

Eingöngu 28% nemenda tóku virkan þátt í umræðum í Moodle.



5. *Hefurðu reynslu af öðru kennslukerfi en Moodle?*

Flestir nemendur höfðu reynslu af Blackboard/WebCT eða 62,4%.



Nemendur gátu sagt skoðun sína varðandi Moodle kennslukerfið í tveimur opnum spurningum. Í fyrri spurningunni gátu svarendur komið á framfæri því sem þeim fannst jákvætt við Moodle kennslukerfið og í seinni spurningunni gátu svarendur komið á framfæri ábendingum um það sem þeim fannst að betur mætti fara í Moodle kennslukerfinu.

Hvað finnst þér best við Moodle kerfið?

198 nemendur af 443 nýttu sér tækifæri til að svara þessari spurningu.

Komdu á framfæri ábendingum um það sem betur má fara varðandi Moodle kennslukerfið.

183 nemendur af 443 koma á framfæri ábendingum.

Niðurstöður þessara spurninga eru eingöngu útdráttur úr lokaskýrslu og birtar með leyfi höfundar Hólmfríðar J. Ólafsdóttur. Lokaskýrslan verður gerð aðgengileg í fullri lengd á heimasíðu fjarnáms þegar hún liggur fyrir.

Viðhorfakönnun nemenda

Nemendur í félagsfræðiáfanganum FÉL403 hafa í nokkur ár kannað viðhorf nemenda skólans til ýmissa þátta tengda skólastarfinu. Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði menntamálaráðuneytisins skólaárið 2012-2013 til að kanna viðhorf og hagi nemenda í skólanum. Styrkurinn hefur orðið til þess að auðvelda gerð gagnabanka um kannanir nemendanna og eru [niðurstöður viðhorfakannana](#)⁶ aðgengilegar á heimasíðu skólans. Efnið hefur verið kannað áður en ekki hefur verið til fjármagn til að vinna að ráði úr þeim könnunum. Af þeim má draga almennar ályktanir um hagi og viðhorf nemendanna og nota hana til að betrubæta námskrá skólans.

Könnunin var lögð fyrir 21. mars 2013. Í könnuninni náðist til 318 nemenda, 118 pilta og 199 stúlkna, 1 nemandi svaraði ekki. Alls voru 863 nemendur skráðir í dagskóla. Svarhlutfall alls þýðisins er þannig 37% en taka verður tillit til þess að nemendur á starfsbraut (sérdeild) svöruðu ekki könnuninni og að margir nemendur á heilbrigðisbrautum eru oft að taka starfsnám utan skólans. Þegar svo er tekið tillit til þess að samkvæmt skólaskýrslum voru 24,2% nemenda á önninni með viðveru undir 60% má áætla að úrtakið hafi verið mjög stórt hlutfall þeirra nemenda sem í raun eru virkir í náminu.

Hér eru nokkrar niðurstöður síðustu könnunarinnar. [Niðurstöður í heild](#) eru á heimasíðu skólans.

1. Hefur þú stundað nám í dagskóla við aðra framhaldsskóla?




57,1% nemenda hafa stundað nám við annan skóla, þar af 20,8% við tvo eða fleiri. Fyrir marga nemendur hefur Fjölbrautaskólinn við Ármúla verið annað tækifæri til að ljúka námi. Á hinn bóginn eru margir nemendur að hefja nám við skólann og hverfa svo í aðra skóla.

Kanna þarf hve margir nemendur hætta námi í skóla og hefja nám í öðrum skóla.

⁶ Viðhorfakannanir á sjálfsmatssíðu skólans:


<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/vidhorfskannanir/>

2. Stundar þú launaða vinnu með námi?



53,6% nemenda sögðust vinna með námi. Í könnun sem var lögð fyrir nemendur í þremur framhaldsskólum árið 2005 unnu 63,2% með námi Þá unnu 41,6% nemenda meira en 30 klst. á mánuði á móti 44,3% núna.

3. Hvernig ferðu oftast í skólann?



56,9% nemenda fara á bíl í skólann, 29,1% taka strætó, 10,5% koma gangandi og 2,9% hjólandi. Hjólreiðamönnum hefur fjölgað um 0,9 prósentustig frá síðustu könnun 2012 og þeim sem nota strætó hefur fjölgað um 4,6 prósentustig.

Stefnt er að því að fá enn fleiri nemendur til að taka strætó eða hjóla í skólann. Nemendur geta valið „Hjólað í skólann“ sem valípróttaáfang.


4. Neytir þú tobaks daglega?



19,1% nemenda reykja og 7,0% nota munntóbak. 70,7% neyta ekki tobaks. Í könnun frá 2012 sögðust 26% nemenda neyta tobaks daglega. Stefnt var að því að auka forvarnastarfið og draga úr tobaksnotkun. Þetta hefur greinilega ekki tekist.

Áfram er stefnt að því að auka forvarnastarf og draga úr neyslu tobaks.


5. Stundar þú íþróttir?



35,3% nemendur stundar ekki íþróttir. Rúmlega helmingur nemenda taldi að íþróttir hafi góð áhrif á námsárangur sinn.

Með því að bjóða upp á fjölbreytt úrval af íþróttaráföngum og taka þátt í átaksverkefnum eins og „Hjólum í skólann“ og Lífshlaup eru nemendur hvattir til að hreyfa sig meira. Nemendur hafa aðgang að nýjum líkamsræktarsal skólans.


6. Hvar kaupir þú oftast hádegismat á skólatíma?



20,5% nemenda borðuðu í mótuneyti skólans, 14% versluðu í skólasjoppu, 36,8% komu með matinn að heiman og 10,4% borðuðu annarsstaðar, 18,2% borðuðu ekki hádegismat. Í könnun frá 2012 sögðust 13% nemenda borða í mótuneyti, 32% í skólasjoppu og 33% komu með matinn að heiman en 22% borðuðu annarsstaðar.

Með auknu framboði og góðum salatbar verður reynt að fá fleiri nemendur til að borða hollan mat í hádegi.


7. Hvernig vilt þú almennt hafa lokamat í áföngum?



47,7% nemenda vildu hafa lokapróf en möguleiki á símati. Eingöngu 2,9% vildu mat sem byggist einungis á lokaprófi og 10% mat þar sem lokapróf gildir meira en 40%.

Á vorönn var málþing haldið um „Breyttar áherslu í námsmati“ og margbreytilegir kennsluhættir kynntir. Það er stefna skólans að bjóða fjölbreyttar námsmatsaðferðir.


8. Hvernig finnst þér nemendafélag FÁ hafa staðið sig í vetur?



10,2% svöruðu „mjög vel“ og 66,7% „vel“. Einungis 23,1% voru ekki ánægðir með störf nemendafélagsins.

Á haustönn 2012 var nýr félagsmálafulltrúi ráðinn í 20% stöðu sem er nemendafélagi til stuðnings og ráðgjafar og hefur haldið utan um fundi og skipulag atburða.

9. Ert þú hlynnt/ur eða mótfallin/n því að hafa sérnámsbraut (starfsdeild) fyrir fatlaða nemendur við skólann?



93,9% nemendur voru hlynntir því og 6,1% mótfallnir. 11,1% nemenda fannst óþægilegt að eiga samskipti við fatlaða nemendur og 28,3% myndu ekki vilja setjast við borð með fötludum nemenda.

10. Hefur þú verið í áfanga þar sem nemandi á sérnámsbraut sækir tíma?



27,1% nemenda hafa verið í áfanga með nemendum sérnámsbrautar. Eingöngu 3,5% eru mótfallnir því að nemandi sérnámsbrautar sækir nám í sama áfanga. 42,6% eru hlyntir því og 53,8% eru hlyntir því ef engin truflun stafar af því.

Stefna skólans er að allir fái notið hæfileika sinna án tillits til kynferðis, kynhneigðar, litarháttar, trúarskoðana, fötlunar eða annarra þátta. Í sjálfbærnimarkmiðum skólans er stefnt að því „að nemendur sérnámsbrautar fái að njóta sjálfstæði síns með öðrum nemendum skólans í almenningsrými húsnæðisins“, „að efla félagsleg tengsl meðal nemenda á sérnámsbraut og nemenda í almennu námi í skólanum“ og „að nemendur sérnámsbrautar sækir í meira mæli áfanga sem eru í boði í almenna náminu í skólanum“.

Allar niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans:
http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/nemkonnun/nemkonnun_2013.pdf.

Brotthvarf

Hátt hlutfall nemenda hættir námi eða skiptir um skóla og fylgir því mikil breyting á nemendahópi á hverri önn. Markmið skólans var að minnka brotthvarf nemenda á haustönn 2012 undir 23%.

Á haustönn 2012 voru 1057 nemendur skráðir í dagskólann þ. 17. september. Af þeim héldu 724 áfram á vorönn 2013, 1 nemandi var þegar stúdent og 1 nemandi var skiptinemi. Alls hurfu 227 nemendur úr námi milli anna eða 23,9%. Þetta brotthvarf skýrist að hluta til vegna átaksverkefnis „Nám er vinnandi vegur“, en 152 nemendur voru skráðir í átakið og 52 þeirra hættu námið eða 34,2%.

Á milli vorannar og haustannar 2012 hurfu 326 nemendur úr námi af 926 nemendum eða 35,2%. Af þeim voru 108 nemendur eða 11,7% með stöðu „Biðlisti“ en þá stöðu fengu nemendur með slaka mætingu. Á milli vorannar og haustannar 2013 hurfu 319 nemendur úr námi af 872 nemendum eða 36,6%. Af þeim voru 76 nemendur eða 8,7% með stöðu „Biðlisti“. 98 nemendur voru skráðir í átakið „Nám er vinnandi vegur“ á vorönn 2013 og hurfu 76 þeirra úr námi eða 77,6%. 58 nemendur hættu í dagskóla en héldu áfram í fjarnámi. 38 þeirra voru skráðir í 6 einingar eða fleiri. Hér getur verið um nemendur að ræða sem eiga fáar einingar eftir eða að áfanginn hafi ekki verið í boði í dagskóla. Ef þessi nemendur eru dregnir frá minnkar brotthvarfið í 32,2%.

Í markmiðum skólastarfsins er stefnt á að kanna betur hvaða skýringar liggja að baki brotthvarfs. Samræmdur spurningalisti var lagður fyrir nemendur sem hættu námi á vorönn 2013 og eru niðurstöður notaðar til að greina ástæður brotthvarfs. Náms- og starfsráðgjafar, sem hafa umsjón með brotthvarfsgreiningu, höfðu samband við nemendur sem sögðu sig úr námi.


68 nemendur sögðu sig úr skólanum á vorönn 2013. 11 nemendur hættu námi af fjárhagslegum ástæðum, 7 fóru að vinna, 7 hættu vegna líkamlegra veikinda, 13 vegna andlegra veikinda, 15 hættu af persónulegum eða öðrum ástæðum, 1 hætti vegna ADHD námsörðugleika en ekki náðist tal af 14 nemendum (féllu á mætingu).

Ástæður brotthvarfs	Column1
Fór að vinna	7
Fjárhagsáðstæður	11
ADHD námsörðugleikar	1
Hafði ekki áhuga á náminu	1
Féll á mætingu	14
Þungun/erfið meðganga	1
Líkamleg veikindi	7
Persónulegar ástæður	6
Þunglyndi andleg veikindi	4
Kvíði andleg veikindi	7
Annað andleg veikindi	2
Annað hvað þá	7

Brottfall

Brottfall nemenda úr einstökum áföngum í dagskóla

Brottfall nemenda úr einstökum áföngum í dagskóla, sem hefur verið í kringum 15%, er áhyggjuefni.



Óvenjulega hátt brottfall var á vorönn 2013 í bókfærslu, náttúrufræði, spænsku, stærðfræði og þýsku.

Áfangi	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Meðaltal
BÓK103	21,6%	8,3%	19,0%	14,8%	13,2%	24,3%	15,4%
BÓK203		0,0%		11,8%	0,0%	25,0%	3,9%
NÁT103	15,0%	12,2%	13,6%	17,3%	14,6%	27,2%	14,5%
NÁT113	19,4%	14,3%	14,8%	22,9%	11,5%	21,8%	16,6%
NÁT123	22,6%	12,7%	14,6%	16,1%	14,0%	23,8%	16,0%
SPÆ103	27,8%	32,6%	35,1%	29,3%	27,7%	43,1%	30,5%
SPÆ203	14,7%	10,8%	38,5%	26,5%	20,5%	18,4%	22,2%
SPÆ303	13,6%	16,1%	28,3%	16,0%	29,4%	39,4%	20,7%
STÆ102	19,5%	11,0%	22,5%	29,4%	17,5%	35,2%	20,0%
STÆ193	13,9%	21,4%	24,7%	37,2%	20,0%	40,0%	23,4%
STÆ202	9,6%	17,6%	27,8%	38,8%	23,6%	35,1%	23,5%
STÆ303	12,2%	8,6%	26,1%	30,0%	14,0%	42,3%	18,2%
STÆ313	0,0%	19,0%	11,8%	15,8%	16,0%	28,6%	12,5%
STÆ403	25,0%	17,2%	13,5%	11,8%	12,1%	23,3%	15,9%
STÆ503	16,0%	10,0%	15,4%	13,6%	11,1%	25,0%	13,2%
ÞÝS103	23,1%	0,0%	14,0%	23,3%	14,3%	29,3%	14,9%
ÞÝS203	18,5%	6,5%	2,5%	26,4%	2,2%	23,3%	11,2%
ÞÝS303	3,8%	6,7%	21,4%	9,7%	7,1%	16,7%	9,8%

Að meðaltali hefur verið 16% brottfall í kjarnagreinum dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði. Á vorönn 2012 var brottfallið 19,4%, á haustönn 2012 14,0% og á vorönn 2013 15,8%. Ekki náðist markmiðið að minnka brottfall í kjarnagreinum niður fyrir 15%.

Áberandi herra brottfall er í hægferðaráföngum DAN102, ENS102, ÍSL102 og STÆ102 en í þriggja eininga áföngunum DAN103, ENS103, ÍSL103 og STÆ103. Einnig er áberandi hátt brottfall í fornámsáföngum DAN193, ENS193, ÍSL193 og STÆ193.

Áfangi	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Meðaltal
DAN102	7,1%	10,2%	26,5%	20,8%	9,7%	19,6%	16,2%
ENS102	18,6%	16,7%	17,7%	18,6%	11,0%	22,7%	17,9%
ÍSL102	15,0%	10,7%	21,9%	42,1%	7,1%	23,1%	22,4%
STÆ102	19,5%	11,0%	22,5%	29,4%	17,5%	35,2%	20,6%
Alls:	15,1%	12,1%	22,2%	27,7%	11,3%	25,2%	19,3%

Áfangi	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Meðaltal
DAN103	19,1%		5,4%		0,0%		12,3%
ENS103	8,6%	0,0%	7,0%		4,3%		5,2%
ÍSL103	20,0%		18,5%		2,3%		19,3%
STÆ103	12,9%		7,7%		15,2%		10,3%
Alls:	15,2%	0,0%	9,7%		5,4%		11,8%

Áfangi	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Meðaltal
DAN193	14,3%		7,7%		9,1%		11,0%
ENS193	30,0%		30,8%		29,4%		30,4%
ÍSL193	23,5%		17,4%	40,0%	16,1%	30,0%	27,0%
STÆ193	13,9%	21,4%	24,7%	37,2%	20,0%	40,0%	24,3%
Alls:	20,4%	21,4%	20,1%	38,6%	18,7%	35,0%	23,2%


Jón Torfi Jónasson prófessor hefur í tveimur langtímarannsóknum⁷ kannað námsframvindu íslenskra ungmenna. Rannsóknirnar veita mikilvægar upplýsingar um námsárangur, próflok, brottfall og viðhorf nemenda í framhaldsskólum. Í báðum rannsóknum koma fram skýr tengsl milli einkunna á samræmdu prófi í íslensku og stærðfræði við lok grunnskóla og námsframvindu í framhaldsskóla.

Munur á árangri nemenda í hægferðum og þriggja eininga áföngum í kjarnagreinum styður þessar niðurstöður.

⁷ Jón Torfi Jónasson og Andrea Jónsdóttir: Námsferill í framhaldsskóla, Reykjavík 1992 og Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal: Ungt fólk og framhaldsskólinn, Reykjavík 2002.

Brottfall úr einstökum áföngum í fjarnámi

Á vorönn 2013 var brottfall nemenda úr einstökum áföngum að meðaltali 40,0%, á haustönn 2012 38,2%, á vorönn 2012 39,4% og á haustönn 2011 35,7%.



Hæst var brottfallið á vorönn 2013 í frönsku og stærðfræði. Hér er listi yfir áfanga með yfir 50% brottfall að meðaltali.

Áfangi	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Meðaltal
DAN103	79,6%	74,1%	78,4%	57,5%	56,6%	65,2%	68,6%
EDL103	29,4%	50,0%	39,1%	76,5%	63,3%	74,2%	55,4%
ENS103	63,7%	51,9%	50,7%	72,4%	50,6%	51,6%	56,8%
FRA103	66,7%	53,3%	60,0%	77,8%	58,3%	92,9%	68,2%
FRA203	62,5%	85,7%	62,5%	33,3%	66,7%	83,3%	65,7%
FRA303	62,5%	55,6%	46,2%	58,3%	58,3%	43,8%	54,1%
ÍSL102	48,8%	53,5%	50,0%	61,5%	53,8%	61,8%	54,9%
ÍSL103	65,6%	66,7%	63,6%	63,6%	62,5%	70,7%	65,5%
ÍSL202	45,1%	56,1%	51,4%	66,7%	47,5%	44,8%	51,9%
SPÆ103	53,8%	63,3%	52,4%	59,0%	71,4%	68,9%	61,5%
STÆ102	77,9%	54,1%	60,0%	60,3%	51,6%	51,9%	59,3%
STÆ103	58,1%	78,3%	73,1%	81,3%	72,2%	85,7%	74,8%
STÆ122	54,8%	54,8%	42,9%	58,5%	56,1%	55,0%	53,7%
STÆ203	72,7%	46,7%	64,0%	63,0%	76,9%	52,8%	62,7%
STÆ303	58,3%	58,8%	55,6%	48,7%	47,6%	45,7%	52,5%
STÆ403	45,5%	64,3%	61,3%	53,8%	58,1%	55,2%	56,4%
STÆ503	45,5%	46,4%	38,1%	80,0%	47,8%	65,0%	53,8%
PÝS103	52,6%	70,0%	42,1%	47,4%		69,6%	56,3%
PÝS203	39,4%	60,0%	66,7%	38,9%	45,7%	57,1%	51,3%

Námskrá

Námskrá skólans er í endurskoðun. Nýr [almennur hluti](#)⁸ tók gildi 2. nóvember 2012 og er aðgengilegur á heimasíðu skólans undir Nám – Námskrá.

Skólanámskrá Fjölbrautaskólans við Ármúla er í tveimur hlutum. Í almennum hluta hennar eru upplýsingar um skipulag skólans, starfsemi hans og stefnu í viðum skilningi. Í öðrum hluta eru hins vegar námsbrautalýsingar. Þessi efnisafmörkun námskrárinnar er í fullu samræmi við ákvæði 22. greinar laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 þar sem vikið er að skyldu hvers framhaldsskóla til að gefa út skólanámskrá.

Sú ákvörðun hefur verið tekin að birta skólanámskrána eingöngu á vef skólans. Kaflarnir eru hnitmiðaðir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun. Af þessu sjást skýrt kostir útgáfu á rafrænu formi. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Ekki er nóg með að texti námskrárinnar sé almennur og hnitmiðaður heldur tryggir rafræn birting einnig auðvelt aðgengi að innihaldinu. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Skólinn fékk á haustönn 2012 styrki frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti til að endurskoða starfsnámsbrautir í heilbrigðisgreinum: sjúkraliðabraut, lyfjatrækna, tanntækna, námsbraut fyrir heilsunuddara, heilbrigðisritarabraut og lækna-ritarabraut. Kennslustjórar heilbrigðisbrauta hafa haft umsjón með vinnunni. Drög að námsbrautarlýsingum voru kynntar Mennta- og menningarmálaráðuneyti í september 2013 og er stefnt að því að vinnunni ljúki á vorönn 2014.

Á vorönn 2011 var með leyfi Mennta- og menningarmálaráðuneytis boðið upp á tveggja ára framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun og framhaldsnám lyfjatækna í sjúkrahúslyfjatækni. Reiknað var með að námið væri stundað samhliða vinnu, en jafngilt einu ári miðað við fullt nám. Úttekt var gerð á framhaldsnáminu á haustönn 2012 í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar ef þurfa þætti. Niðurstöður úttektar voru birtar í mars 2013 og er skýrslan aðgengileg á heimasíðu skólans (sjá nánar undir [Úttekt framhaldsnáms sjúkraliða og lyfjatækna](#)). Niðurstöður úttektar verða notaðar til að gera endurbætur og verða námsbrautarlýsingar lagðar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytis til samþykktar á haustönn 2013. Umsjón með vinnunni var í höndum kennslustjóra sjúkraliðabrautar, Guðrúnar Hildar Ragnarsdóttur, og kennslustjóra lyfjatæknaabrautar, Bryndísar Þóru Þórsdóttur.

⁸ Almennur hluti skólanámskrár FÁ: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/>

Skólinn fékk á haustönn 2011 og aftur á haustönn 2012 styrk úr Sprotasjóði til að hanna nýja tveggja ára starfsnámsbraut í nýsköpun og listum. Drög að námsbrautarlýsingu liggja fyrir og fékk skólinn leyfi til tilraunakennslu á haustönn 2013. Endanleg námsbrautarlýsing nýsköpunar- og listabrautar verður lögð fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið á haustönn 2013. Gréta Mjöll Bjarnadóttir, fagstjóri listgreina, og Þór Elís Pálsson, kennari í kvikmyndagerð, höfðu umsjón með vinnunni.

Skólinn fékk styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti til að endurskoða bóknámsbrautir til stúdentsprófs á vorönn 2013. Kennslustjórar bóknámsbrauta vinna undir umsjón þróunarstjóra skólans að nýjum námsbrautarlýsingum. Í tímaplani er gert ráð fyrir að kynna drög að bóknámsbrautum á almennum starfsmannafundi 11. október 2013 og hefst þá vinna við að semja áfangalýsingar. Stefnt er að því að vinnu við endurskoðun bóknámsbrauta verði lokið á vorönn 2014.

Umsjón með endurskoðun og þróun skólanámskrár er í höndum þróunarstjóra.

Stefnur og skýrslur

Eineltisstefna

Starfshópur starfsmanna og nemenda vann að því að semja eineltisstefnu og viðbragðsáætlun á haustönn 2010 og vorönn 2011. [Eineltisstefna](#)⁹ er hluti af námskrá skólans og ásamt eineltisáætlun aðgengileg á heimasíðu skólans. Úttekt verður gerð á áætluninni gegn einelti á haustönn 2014.

Fjölmenningarstefna

Á vorönn 2012 voru 93 nemendur frá 28 löndum skráðir í skólann. Kennslustjóri nýbúadeildar hefur yfirumsjón með nemendum. Skólinn hefur sett sér [fjölmenningarstefnu](#)¹⁰ og [fjölmenningaráætlun](#)¹¹. Stefna skólans er að móta jákvæð viðhorf til fjölmenningar, jafnt meðal kennara sem nemenda, svo að nemandi fá notið sín á sínum forsendum. Úttekt verður gerð á fjölmenningaráætlun á haustönn 2015.

Umhverfis- og samgöngustefna

Skólinn hefur sett sér [umhverfis- og samgöngustefnu](#)¹². Umhverfisnefnd hefur verið starfrækt í skólanum frá vordögum 2005 ásamt sérstöku umhverfisráði nemenda sem tók til starfa í september 2005. Frá árinu 2005 hefur skólinn verið skráður í Grænfanaverkefnið sem Landvernd sér um á Íslandi. Í september 2006 tók Fjölbrautaskólinn við Ármúla við Grænfanannum, fyrstur íslenskra framhaldsskóla. Skólinn hefur hlotið Grænfanann æ síðan og fékk Grænfanann afhendan í fjórða sinn 17. október 2012. Úttekt verður gerð á stöðu samgöngumála á vorönn 2014.

Jafnréttisstefna

Skólinn hefur sett sér [jafnréttisstefnu](#)¹³. Jafnréttisfulltrúi hefur umsjón með [jafnréttissíðu](#) skólans. [Drög að jafnréttisáætlun](#) voru kynnt á starfsmannafundi 12. október 2012. Úttekt verður gerð á stöðu jafnréttismála á haustönn 2013.

Lýðheilsustefna

Skólinn hefur sett sér [lýðheilsustefnu](#)¹⁴ og tekur þátt í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli. Markmið er að hafa áhrif á viðhorf og tilfinningu nemenda fyrir heilbrigðu lífi. Úttekt verður gerð á stöðu lýðheilsumála á haustönn 2014.

Gæðastefna

Skólinn hefur sett sér [gæðastefnu](#)¹⁵ og fóru stjórnendur ásamt kennslustjórum bóknáms í upphaf haustannar 2012 í skólaheimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri til að kynna sér gæðakerfi skólans. Vottað gæðamat verður tekið upp í áföngum og hefur þróunarstjóri umsjón með því.

⁹ Eineltisstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/einelti/>

¹⁰ Fjölmenningarstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/fjolmenningarstefna/>

¹¹ Fjölmenningaráætlun: <http://www.fa.is/thjonusta/nybuar/deilimarkmid-og-fjolmenningaraaetlun/>

¹² Umhverfis- og samgöngustefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/umhverfisstefna/>

¹³ Jafnréttisstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/jafnrettisstefna/>

¹⁴ Lýðheilsustefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/lydheilsustefna/>

¹⁵ Gæðastefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/mat>

Sjálfbærnistefna

Skólinn hefur sett sér [sjálfbærnistefnu](#)¹⁶ og var á vorönn 2013 stofnuð sjálfbærninefnd sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólastarfs. Sjálfbærninefnd gerir [aðgerðaáætlun](#)¹⁷ til eins árs og er hún aðgengileg á [sjálfbærnisíðu](#) skólans. Markmið fyrir skólaárið 2012-2013 voru 30 alls og í aðgerðaáætlun eru settir fram mælikvarðar og ábyrgðaraðilar fyrir hvert markmið. Á haustönn 2013 verða niðurstöður aðgerða birtar og ný markmið sett fyrir skólaárið 2013-2014.

Sjálfsmatstefna

Skólinn hefur sett sér [sjálfsmatstefnu](#)¹⁸ og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Á [sjálfsmatssíðu](#) má finna [verkáætlun](#), [sjálfsmatsskýrslur](#) síðustu ára og [niðurstöður ytra mats](#).

Þjónustustefna

Skólinn hefur sett sér [þjónustustefnu](#)¹⁹ á haustönn 2013 og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Á haustönn 2013 verður gerð úttekt á þjónustu stoðsviði og þjónustukönnun á meðal nemenda og starfsmanna.

Skýrslur kennslustjóra

Kennslustjórar skila skýrslum í lok hvers skólaárs um starfsemi viðkomandi brauta. Kennslustjórar bóknáms skiluðu sameiginlegri skýrslu um skólaárið 2012/2013 og liggja niðurstöður fyrir hjá skólameistara. Stefnt er að því að birta skýrslur kennslustjóra á heimasíðu skólans.

Skýrsla um nýnema á framhaldsskólabraut 2012-2013 er aðgengileg öllum kennurum og stjórnendum á innra neti skólans.

Skýrsla sérnámsbrautar fyrir skólaárið 2012/2013 liggur fyrir hjá skólameistara.

[Ársskýrsla bókasafns](#)²⁰ er aðgengileg á bókasafnssíðunni.

[Ársskýrsla náms- og starfsráðgjafa](#)²¹ fyrir skólaárið 2012/2013 er aðgengileg á heimasíðu skólans.

[Erlent samstarf](#)²²

Skólinn tók þátt í einu Comenius-verkefni á skólaárinu 2012/2013, [Sustainable School](#), í tveimur Nordplus-verkefnum, [Outdoor Activities](#) og [The Old Nordic Folktale](#). Umsjón með erlendu samstarfi hefur Helmut Hinrichsen, þróunarstjóri. Upplýsingar um samstarfsverkefnið eru á heimasíðu skólans undir Skólinn – [International relations](#).

¹⁶ Sjálfbærnistefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/sjalfbaernistefna/>

¹⁷ Aðgerðaráætlun 2012/2013: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfbaernistefna/adgerdaaetlun-20122013/>

¹⁸ Sjálfsmatstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/mat/sjalfsmat/>

¹⁹ Þjónustustefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/thjonustustefna/>

²⁰ Ársskýrsla bókasafns: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/bokasafn/arsskyrsla/>

²¹ Ársskýrsla náms- og starfsráðgjafa: http://www.fa.is/namsradgjof/Arsskyrslur/Arsskyrsla2012_2013.pdf

²² Erlent samstarf: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/erlsamskipti/>

Ytra mat

Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með því að framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir og aðalnámskrá framhaldsskóla kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknum ásamt almennri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga. Síðasta úttekt á starfsemi skólans fór fram október 2010 til janúar 2011. Niðurstöður úttektar²³ eru á heimasíðu skólans.

²³ Niðurstöður úttektar á starfsemi skólans:

http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/utt_fjolbrautask_armula_2011.pdf

Úttekt á framhaldsnámi lyfjatekna og sjúkraliða

Rannsóknarfyrirtækið Maskína gerði á haustönn 2012 úttekt á tveimur framhaldsnámsbrautum, framhaldsnámi lyfjatekna í sjúkrahúsalyfjatekni og framhaldsnámi sjúkraliða í geðhjúkrun. Kennsla við framhaldsnámsbrautirnar hófst í byrjun árs 2011 og stóð í tvö ár. Markmið úttektarinnar var að meta framhaldsnámið í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar ef þurfa þætti.

Skólinn fékk niðurstöður úttektarinnar á vorönn 2013 og hefur nýtt þær við að betrumbæta brautirnar. Endurskoðaðar námsbrautarlýsingar verða sendar Mennta- og menningarmálaráðuneyti á haustönn 2013 með ósk um leyfi til að kenna samkvæmt þeim á vorönn 2015.

Meginniðurstaða úttektarinnar er:

„Framhaldsnám í sjúkrahúslyfjatekni er krefjandi nám þar sem undirbúningur bóklega og verklega námsins tókst vel. Skipulag þess og innihald virðist einnig hafa heppnast vel. Framkvæmd bóklega námsins hefur gengið ágætlega, bæði hvað kennslu og stjórnun varðar. Verklega námið gekk ekki samkvæmt áætlun, þannig að nemendur fengu ekki eins fjölbreytta þjálfun og skyldi. Næst þegar framhaldsnámið verður kennt þarf að tryggja samvinnu við apótek Landspítalans og stjórnendur þess um næga þjálfun lyfjatekna í náminu. Mælt er með að kennslumat sé lagt fyrir í öllum áföngum, hafa ítarlegar upplýsingar um námið á vefsíðu skólans og reyna til hins ítrasta að ná samningi við háskóla um mat á náminu.

Framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun er krefjandi nám þar sem undirbúningur þess tókst vel. Skipulag þess og innihald virðist einnig hafa heppnast vel. Framkvæmd námsins hefur gengið ágætlega, bæði hvað kennslu og stjórnun varðar. Örfáir smærri hnökrar finnast á náminu en gerðar eru tillögur að breytingum í lok skýrslunnar. Næst þegar framhaldsnámið verður kennt mælt með að hafa ítarlegar upplýsingar um námið á vefsíðu skólans og reyna til hins ítrasta að ná samningi við háskóla um mat á náminu.“²⁴

Öll skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans:

http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/uttekir/framhaldsnam_250313.pdf

²⁴ Maskína: Úttekt á tveimur framhaldsnámsbrautum í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, 26. mars 2013


Stofnun ársins 2013

Á vorönn 2013 tók skólinn í þriðja skipti þátt í starfsánægjukönnun á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samvinnu við SFR og VR og þar að auki eru Starfsmannafélag Reykjavíkur og ríkið þátttakendur í könnuninni. Könnunin tekur því til allra starfsmanna ríkisstofnana óháð stéttarfélagsaðild.

Framkvæmd könnunarinnar „Stofnun ársins 2013“ var með sambærilegu sniði og síðastliðin tvö ár, þ.e. samstarf fjármála- og efnahagsráðuneytisins og SFR. Heildarfjöldi stofnana sem komust á blað nú var 153 en voru 172 í fyrra. Alls svöruðu rúmlega 10.000 þátttakendur könnuninni en þeir voru tæplega 9.000 í fyrra. Þátttakan í Fjölbrautaskólanum við Ármúla var 53,5%. Svarhlutfall í könnuninni í heild var 52,1%.

Heildarniðurstöður könnunarinnar eru á heimasíðu SFR: <http://www.sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2013/>.

Skólinn hefur bætt sig töluvert frá því á síðasta ári og kemur vel út í samanburði við aðra framhalds- og háskóla. Heildarmatið hækkaði úr 3,79 í 3,99. Mest hækkaði trúverðugleiki stjórnenda eða úr 3,53 í 4,07. Skólinn er í öllum þáttum nema einum yfir meðaltali s.e. ímynd stofnunar.



Tíu mestu frávikin frá stofnunum með 100 starfsmenn eða fleiri eru:



Það er ánægjulegt að markmiðið að efla trúverðugleika stjórnenda hefur náðst, að starfsandinn er góður og að starfsmenn eru stoltir af skólanum.

Skólinn hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að bæta ímynd skólans. Á vorönn 2013 var farið í samstarf við Íþróttabandalag Reykjavíkur um þróun afreksíþróttalínu þar sem lögð er áhersla á að ungt afreksíþróttafólk geti stundað æfingar á skólatíma. Fyrstu nemendur voru innritaðir á haustönn 2013.

Áfram verður stefnt að því að bæta ímynd skólans.

Allar niðurstöður [starfsánægjumats](http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/starfsanaegjumat/)²⁵ eru á heimasíðu skólans.

²⁵ Starfsánægjumat: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/starfsanaegjumat/>

Alþjóðleg samanburðarkönnun fjarnáms

Alþjóðleg samanburðarkönnun ²⁶á vegum Keiser University Graduate School í Bandaríkjunum var lögð fyrir fjarnámsnemendur í fjórum heimsálfum á vorönn 2013, á Íslandi og Serbíu, í Suður-Ameríku, í Kína og í Bandaríkjunum.

Könnunin heitir á ensku: Students' Perspective of Online Learning: An International Perspective. Ábyrgðarmaður hennar er Dr. Matthías Eggertsson, kennari við Keiser University og fyrrum stúdent af hagfræðibraut Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Kannaðar voru ástæður þess að nemendur velja fjarnám, samskiptaleiðir, lærdómsleiðir og gæði fjarnáms. Mikil samsvörun var í svörum fjarnámsnemenda frá Bandaríkjunum og Íslandi.

MAIN REASON FOR TAKING AN ONLINE COURSE

	Fits my schedule	Avoid traveling	New Environment	Flexibility
Icelandic	39%	7%	3%	28%
Latin	31%	7%	0%	53%
Serbian	14%	14%	29%	29%
Chinese	100%	50%	50%	50%
US	48%	6%	4%	29%
Average	46%	17%	17%	38%

Flestir nemendur á Íslandi (39%) og í Bandaríkjunum (48%) völdu fjarnám af því að það hentaði þeim tímalega og sveigjanleiki var í öðru sæti meðal 28% íslenskra og 29% bandarískra nemenda.

80% íslenskra fjarnámsnemenda voru ánægðir með gæði fjarkennslu og 79% nemenda myndu mæla með fjarnámi við vini sína.

QUALITY OF ONLINE EDUCATION		WOULD YOU RECOMMEND ONLINE TO A FRIEND?	
	Yes		Yes
Icelandic	80%	Icelandic	79%
Latin	60%	Latin	91%
Serbian	14%	Serbian	29%
Chinese	0%	Chinese	50%
US	37%	US	79%
Average	38%	Average	66%

Allar niðurstöður alþjóðlegu samanburðarkönnunarinnar eru á heimasíðu skólans.

²⁶ Alþjóðleg samanburðarkönnun á fjarnámi: <http://www.fa.is/ritstjorn/fjarnam/Argosy11.pdf>

Markmið og úrbætur

Markmið og úrbætur frá skólaárinu 2012/2013

Markmið úr sjálfsmatsskýrslu 2011/2012 og úrbætur sem hefur verið gripið til.

Nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum

1. Niðurstöður viðhorfakönnunar nemenda á vorönn 2012 verða kynntar á vorönn 2013.
Könnunin verður höfð til viðmiðunar í að bæta líðan nemenda.
Niðurstöður viðhorfakönnunar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans og voru kynntar. Niðurstöðurnar eru höfðar til viðmiðunar í umbótarstarfi innan skólans.
2. Framkvæmt verði starfsánægjumat á haustönn 2013
Niðurstöður mats verða hafðar til viðmiðunar í umbótarstarfi.
Starfsmenn skólans tóku þátt í starfsánægjukönnun „Stofnun ársins“ á vorönn 2013 og eru niðurstöður aðgengilegar á innra neti skólans. Skólinn hefur bætt sig töluvert frá síðustu könnun og náðist markmiðið að efla trúverðugleika stjórnenda. Niðurstöður mats verða hafðar til viðmiðunar í umbótarstarfi. Ekki verður framkvæmt starfsánægjumat á haustönn 2013, hins vegar stefnir skólinn að því að taka þátt í næstu könnun „Stofnun ársins 2014“.
3. Úttekt verður gerð á áætluninni gegn einelti á haustönn 2013.
Niðurstöður verða lagðar til grundvallar við aðgerðaráætlun gegn einelti.
Úttekt á áætlun gegn einelti hefur verið frestað til haustannar 2014.
4. Úttekt verður gerð á stöðu lýðheilsamála í skólanum á haustönn 2013.
Niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar í endurskoðun aðgerðaráætlunar átaksverkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli.
Úttekt á stöðu lýðheilsamála hefur verið frestað til haustannar 2014.
5. Brotthvarfsgreining verður framkvæmd á vorönn 2013.
Brotthvarf nemenda verður skoðað nánar með því að taka viðtöl við nemendur og greina ástæður þess að þeir hverfa frá námi. Niðurstöður verða nýttar til fyrirbyggjandi aðgerða gegn brotthvarfi.
Brotthvarfsgreining var framkvæmd á vorönn 2013 og eru niðurstöður hafðar til viðmiðunar við fyrirbyggjandi aðgerðir gegn brotthvarfi.

Unnið verði að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga

1. Almennur hluti námskrár verður borinn undir atkvæði á haustönn 2012 og kynntur fyrir nemendum, foreldrum og starfsmönnum.
Almennur hluti skólanámskrár tók gildi 2. nóvember 2012 og er aðgengilegur á heimasíðu skólans.
2. Vinnu við námsbrautarlýsingar verður lokið á vorönn 2013.
Kennslustjórar bóknáms skiluðu drögum að stúdentsprófsbrautum á vorönn 2013. Endanleg drög verða kynnt á haustönn 2013. Drög að námsbrautarlýsingum heilbrigðisbrauta og nýsköpunar- og listabrautar liggja fyrir.
3. Áfangalýsingar verða endurskoðaðar á haustönn 2013 og vorönn 2014.
Skólinn fékk styrk til að endurskoða áfangalýsingar. Sú vinna hefst á haustönn 2013 og er stefnt að því að henni ljúki í lok vorannar 2014.

Innra mat verði bætt

1. Úttektaráætlun innra mats til næstu tveggja ára hefur verið skilgreind.
Verkátætlunin var uppfærð til ársins 2015.
2. Innleiðing vottaðs gæðakerfis.
Undirbúningur hófst á haustönn 2012 með skólaheimsóknum. Skipaður verður vinnuhópur sem leggur drög að innleiðingu vottaðs gæðakerfis. Tilgangur með því er að skilgreina helstu ferla og tryggja gæði skólastarfsins.
Stefnt er að því að innleiða vottað gæðamat í áföngum og er markmið að útfæra 5 þætti gæðakerfis á hverri önn. Á vorönn 2013 voru 5 sniðmát innleidd í gæðakerfið.

Þjónusta skólans verður efla

1. Skólinn setur sér þjónustustefnu sem hefur að markmiði að skilgreina nánar hvers konar þjónusta er veitt.
Þjónustustefnu var bætt við almennan hluta skólanámskrá í byrjun haustannar 2013.
2. Framkvæmd verður úttekt á þjónustu skólans á haustönn 2013.
Könnuð verður þjónusta skrifstofu, bókasafns, tölvuþjónustu o.fl. Niðurstöður verða notaðar til að bæta og efla þjónustu skólans.
Úttekt þjónustunnar er á verkátætlun fyrir haustönn 2013.

3. Úttekt á mótuneyti skólans fer fram á haustönn 2012.
Niðurstöður verða nýttar til að bæta og efla mótuneyti og auka þjónustu við nemendur og starfsfólk.
Verktaki var ráðinn til að reka mótuneyti skólans á haustönn 2012. Úttekt á rekstri mótuneytis var frestað til haustannar 2013.
4. Úttekt á þjónustu stoðdeilda, þ.e. dyslexíu, nýbúadeildar og náms- og starfsráðgjafa á vorönn 2013.
Niðurstöður rýndar til að greina hvað vel er gert og hvað má efla.
Úttekt á þjónustu stoðdeilda var frestað til haustannar 2013.
5. Endurskoðun á umsjónarkerfi skólans.
Stýrihópur vinnur tillögur að nýju og skilvirkara fyrirkomulagi og skilur lokaskýrslu á vorönn 2013.
Stýrihópur skilaði tillögum á vorönn 2013 og var umsjónarkerfið skipulagt skv. þeim tillögum á haustönn 2013. Mat verður lagt á nýja umsjónarkerfið í lok haustannar 2013.

Kennsla verði bætt

1. Kennslukönnun verður lögð fyrir nemendur í völdum áföngum. Stýrihópur er kallaður saman til að endurskoða kennslumatið og leggur fram tillögu á vorönn 2013.
Stefnt er að því að auka þátttöku nemenda í kennslumati með sérstökum átaki stjórnenda og kennslustjóra. Niðurstöður kennslumats verða notaðar í starfsmannaviðtölum. Kennslumatið á að stuðla að bættri kennslu.
Starfshópur skilaði tillögum á vorönn 2013. Endurskoðun kennslukönnunar er í vinnslu og verður kennslumat lagt fyrir nemendur á haustönn 2013 með nýju sniði.
2. Innleitt verði sjálfsmat kennara / jafningjamat á haustönn 2013.
Jafningjamat verði valmöguleiki fyrir kennara þegar kemur að mati á kennslu og leiða að bættri kennslu.
Innleiðing sjálfsmats kennara / jafningjamats er á verkáætlun fyrir haust 2013.
3. Ráðstefna verður haldin á vorönn 2013 og verður lögð sérstök áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat.
Með kynningu á nýjum kennsluháttum er stefnt að því að fleiri kennarar taki upp fjölbreyttari kennsluhætti og fjölbreyttara námsmat.
Málþing um fjölbreytta kennsluhætti og námsmat var haldið á vorönn 2013. Stefnt er að því að halda aðra ráðstefnu á vorönn 2014. Ráðstefnur eru haldnar til að hvetja kennara til að prófa fjölbreyttari kennsluhætti og próa námsmat sem hæfir mismunandi einstaklingum.

4. Úttekt verður gerð á framhaldsnámi sjúkraliða og lyfjatakna á haustönn 2012 og lýkur í mars 2013.

Niðurstöður úttektar verða notaðar til að gera viðeigandi breytingar ef þörf er á.

Niðurstöður úttektar liggja fyrir (aðgengilegar á heimasíðu skólans) og eru notaðar til að gera endurbæta námsbrautarlýsingar framhaldsnáms.

5. Úttekt á fjarkennslu fer fram á vorönn 2013.

Sérstök viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur og starfsfólk í þeim tilgangi að efla þjónustu við fjarnámsnemendur og um leið minnka brottfall.

Viðhorfakönnun var lögð fyrir fjarnámsnemendur á haustönn 2012. Alþjóðleg samanburðarkönnun var gerð á gæði fjarkennslu á vorönn 2013. Niðurstöður liggja fyrir og verða hafðar til viðmiðunar í umbótarstarfi.

Markmið og úrbætur fyrir skólaárið 2013/2014

Ný og endurbætt markmið fyrir skólaárið 2013/2014.

Nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum

1. Niðurstöður viðhorfakannanna nemenda á vorönn 2013 verða kynntar haust 2014.
Kannanirnar frá vorönn 2012 og vorönn 2013 verðar hafðar til viðmiðunar í að bæta líðan nemenda í skólanum.
2. Niðurstöður starfsánægjumats „Stofnun ársins 2013“ verðar kynntar og stefnir skólinn að því að taka þátt í „Stofnun ársins 2014“ á vorönn 2014. Stefnt er að því að vera yfir 4,0 í heildareinkunn í næstu könnun.
Niðurstöður mats verða hafðar til viðmiðunar í umbótarstarfi.
3. Úttekt verður gerð á áætluninni gegn einelti á haustönn 2014.
Niðurstöður verða lagðar til grundvallar við aðgerðaráætlun gegn einelti.
4. Úttekt verður gerð á stöðu lýðheilsamála í skólanum á haustönn 2014.
Niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar í endurskoðun aðgerðaráætlunar átaksverkefnisins Heilsuefandi framhaldsskóli.
5. Brotthvarf nemenda úr skóla verður greint á hverri önn.
Brotthvarf nemenda verður skoðað nánar með því að taka viðtöl við nemendur og greina ástæður þess að þeir hverfa frá námi. Niðurstöður verða nýttar til fyrirbyggjandi aðgerða gegn brotthvarfi.

Unnið verði að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga

1. Vinnu við námsbrautarlýsingar bóknámsbrauta verður lokið á haustönn 2014.
Kennslustjórar bóknáms vinna ásamt fagstjórum og kennurum að endurskoðun námsbrauta. Námsbrautarlýsingar bóknámsbrauta verða kynntar á starfsmannafundi í október 2013.
2. Námsbrautarlýsingar heilbrigðisbrauta verða færðar í námskrárgrunninn á haustönn 2014.
Námsbrautarlýsingar verða sendar Mennta- og menningarmálaráðuneyti til samþykktar. Sótt verður um leyfi til tilraunakennslu í grunnnámi heilbrigðisgreina á vorönn 2014.
3. Námsbrautarlýsing á framhaldsnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun á fjórða þrepi framhaldsskólans verður færð í námskrárgrunninn á haustönn 2014.
Námsbrautarlýsing verður send Mennta- og menningarmálaráðuneyti til samþykktar. Sótt verður um leyfi til að hefja tilraunakennslu á þessari braut á vorönn 2014.

4. Áfangalýsingar verða endurskoðaðar á haustönn 2013 og vorönn 2014.
Skólinn fékk styrk til að endurskoða áfangalýsingar. Sú vinna hefst á haustönn 2013 og er stefnt að því að henni ljúki í lok vorannar 2014.

Innra mat verði bætt

1. Verk- og framkvæmdaáætlun til tveggja ára er endurskoðuð árlega.
Verk- og framkvæmdaáætlunin verður uppfærð til ársins 2016.
2. Vottað gæðakerfi verður innleitt í áföngum.
Stefnt er að því að innleiða vottað gæðamat í áföngum og er markmið að útfæra 5 þætti gæðakerfis á hverri önn.

Þjónusta skólans verður efl

1. Framkvæmd verður könnun á þjónustu skólans á haustönn 2013.
Könnuð verður þjónusta skrifstofu, bókasafns, tölvuþjónustu o.fl. Niðurstöður verða notaðar til að bæta og efla þjónustu skólans.
2. Framkvæmd verður könnun á þjónustu stoðdeilda, þ.e. dyslexíu, nýbúadeildar og náms- og starfsráðgjafa á haustönn 2013.
Niðurstöður rýndar til að greina styrkleika og veikleika stoðþjónustu og til að bæta og efla þjónustuna.
3. Framkvæmd verður úttekt á mötuneyti skólans á haustönn 2013.
Úttekt verður gerð á starfsemi mötuneytis og aðsókn nemenda og starfsmanna. Niðurstöður verða nýttar til að bæta og efla mötuneyti og auka þjónustu við nemendur og starfsfólk.
4. Úttekt verður gerð á nýja umsjónarkerfi skólans á haustönn 2013.
Stýrihópur mun leggja mat á nýja umsjónarkerfið í lok haustannar 2013.
5. Miðlun upplýsinga
Stefnt er að því að birta á vef skólans að lágmarki þrjár fréttir á viku á kennslutímabili um starfið í skólanum. Skólameistari skrifar vikulega fréttapistla á heimasíðu skólans á kennslutímabili. Þar skulu koma fram upplýsingar um það sem er að gerast í skólastarfinu.
6. Samskipti við foreldra
Stjórnendur senda að lágmarki þrjá fréttapistla á önn í tölvupósti til foreldra.


Kennsla verði bætt

1. Kennslukönnun verður lögð fyrir nemendur í völdum áföngum.
Stefnt er að því að auka þátttöku nemenda í kennslumati með því að framkvæma það á miðri önn og kynna niðurstöður og úrbætur strax. Niðurstöður kennslumats verða notaðar í starfsmannaviðtölum.
2. Innleitt verði sjálfsmat / jafningjamat kennara í áföngum á haustönn 2013.
*Sjálfsmat verður kynnt á haustönn 2013 og jafningjamat í framhaldi.
Sjálfsmat/jafningamat verði valmöguleiki fyrir kennara þegar kemur að mati á kennslu og leiða að bættri kennslu.*
3. Ráðstefna verður haldin á vorönn 2014 og verður lögð sérstök áhersla á innleiðingu nýrrar námskrár og fjölbreytt námsmat.
Nýja námskráin hvetur kennara til fjölbreyttra kennsluhátta og fjölbreytts námsmats.
4. Skólinn er virkur þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum og er stefnt á að vera aðili a.m.k. einu verkefni á hverju skólaári. Lögð er áhersla á að nemendur og starfsfólk fái tækifæri á skólaheimsóknum og kynnist þannig ólíkum menningum og skólakúltúr.
Skólinn er aðili að tveimur alþjóðlegum samstarfsverkefnum á skólaárinu 2013-2014, Comenius-samstarfsverkefni „Sustainable School“ og Archimedes-verkefni „ESTIC“.

Reykjavík, 22. september 2013



Helmut Hinrichsen, þróunarstjóri



Steinn Jóhannsson, skólameistari